

STJÓRNARTÍÐINDI A 17 — 1983

Nr. 67

118

18. nóvember 1983

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fór í dag í opinbera heimsókn til Portúgals. Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti Sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytið, 18. nóvember 1983.

Steingrímur Hermannsson.

Gísli Árnason.

Nr. 68

28. nóvember 1983

LÖG

um heimild til hækkunar á kvóta Íslands
hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

forsætisráðherra, forseti sameinað Alþingis og forseti Hæstaréttar,
gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að hækka kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum úr 43,5 milljónum sérstakra dráttarréttinda í 59,6 milljónir sérstakra dráttarréttinda. Skal Seðlabanki Íslands leggja fram það fé sem þarf til hækkunar kvótans, sbr. 22. gr. laga nr. 10, 29. mars 1961.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 28. nóvember 1983.

Halldór Ásgrímsson.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson.
(L.S.)

Þór Vilhjálmsson.

Matthías Á. Mathiesen.